

Eiturlyfjaviðskipti studd af bandarísku ríkistjórninni? -  
Alþjóðafíkniefnadagurinn eingöngu uppá punt -

Zusammenfassung / summary:

Alþjóðadagur gegn misnotkun og sölu fíkniefna, einnig kallaður „alþjóðafíkniefnadagurinn“ er haldinn ár hvert þann 26. júní. Þessi dagur var stofnaður 1987 af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Innan Sameinuðu þjóðanna er „United Nations Office on Drugs and Crime“ eða UNODC ábyrgt fyrir alþjóðardeginum gegn fíkniefnum. En hver er ábyrgur fyrir fíkniefnavandamálinu?

Sendetext / broadcast text:

Alþjóðadagur gegn misnotkun og sölu fíkniefna, einnig kallaður „alþjóðafíkniefnadagurinn“ er haldinn ár hvert þann 26. júní. Þessi dagur var stofnaður 1987 af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Innan Sameinuðu þjóðanna er „United Nations Office on Drugs and Crime“ eða UNODC ábyrgt fyrir alþjóðardeginum gegn fíkniefnum. En hver er ábyrgur fyrir fíkniefnavandamálinu? Því á meðan að opinberar stofnanir berjast opinberlega gegn eiturlyfjafíkn, sýnir Kla.Tv í tilefni dagsins hvernig ræktun og viðskipti með eiturlyf fær stuðning frá ríkinu í -reykfylltum bakherbergjum - . Hvetur bandaríkjastjórn til eiturlyfjaviðskipta? Þessi spurning virðist til að byrja með mótsagnakennd, áratugum saman hafa jú Bandaríkjaforsetar lýst yfir að þeir vilji hefta neyslu ólöglegra eiturlyfja. Þannig lýsti Richard Nixon (forseti frá 1969-1974) þegar 1971 yfir „stríði gegn eiturlyfjum“. Einnig Ronald Regan bandaríkjaforseti (frá 1981-1989) gerði það opinberlega 1982 og studdi það þeim rökum að ólögleg eiturlyf væri ógn gegn þjóðaröryggi. Varaforseti Regans, sem áður hafði verið yfirmaður CIA og varð seinna forseti, George W. Bush, sendi leynipjónustuna CIA erlendis í fylgd herliðs til þess að hefta eiturlyfjaviðskipti við útlönd. En hversu mikil alvara lá að baki þessum yfirlýsingum Regans og Bush? Nýlega kvartaði Donald Trump núverandi forseti yfir því að fjöldi látinna af völdum ofneyslu ópíums hafi nánasta fjórfaldast frá 1999. Á grundvelli þessa ópíum-ástands lýsti Trump í október 2017 yfir að í USA væri „neyðarástand“ og talaði um útfærslu á aðgerðum til að hefta ástandið. Hvað bendir þá eignlega til þess að alþjóðleg eiturlyfjaviðskipti - sem Trump virðist nú ætla að berjast við - séu studd af bandarískum stjórnvöldum? Rannsóknir rannsóknablaðamannsins Abby Martin leiddu hana að því hvernig Talibanir hafi vegna trúar sinnar útrýmt nánast allri ópíumræktun fram til ársins 2000. En við innrás bandaríkjahersins í Afganistan árið 2001 fjórfaldaðist heróínrækt árin þar á eftir. Baráttan gegn valmúaöknum átti sér ekki stað, þrátt fyrir að bandarískar herdeildir hafi eftirlit með öllu svæðinu. Í staðinn vekur það athygli að landbúnaðartækni eiturlyfjaakranna eru nútímavædd með sívaxandi uppskeruaukningu. 90% alls ópíums í heiminum er framleitt í Afganistan. Samkvæmt umfjöllun frá GLOBAL RESEARSH var markmið stríðsins í Afganistan að endurreisa ópíumframleiðsluna og þar tilheyrandi margmilljarða dollaraviðskipti. Í millitíðinni neyta af einn hverjum sex af 30 milljónum íbúa í Afganistan eiturlyfja.

Samkvæmt fjölmörgum umfjöllunum þá eru bandarískar hersveitir ennþá í Afganistan eftir innrásina, til þess að vakta ópíumakrana og vernda flutningsleiðir. Þetta samkrull USA í eiturlyfja-milljarðaviðskiptum er ekkert einstakt tilfelli. Þegar árið 1986, sjötta ár Regans sem forseta - fletti Robert Parry, sem lést 27 janúar 2018, ofan af flókinni stýringu CIA: samtvinnningi hryðjuverka, vopna- og eiturlyfjaviðskipta. CIA studdi uppreisnarfylkingar í Níkaragva sem frömdu hryllilega glæpi á óbreyttum borgurum til þess að koma á stríði gegn þeirri ríkistjórn Níkaragva sem USA vildi steypa af stóli. Þessi leynilega aðgerð Contra skæruliðanna var fjármögnuð með hagnaði CIA af eiturlyfjaviðskiptum. Innan CIA fengu þeir síðan nægilegt skjól til að flytja gríðalegt magn af kókaíni, allt að eitt og hálft tonn á viku sem flogið var beint til USA. Þetta varð síðar þekkt sem Íran-Contra-hneykslið sem leiddi til þess að bandaríska þingið hóf rannsókn á málinu. En endanlegt opinbert uppgjör varð aldrei og skautað var að mestu leiti fram hjá spurningum varðandi eiturlyfjaviðskiptin. Árið 2007, tuttugu árum eftir hneykslið, hrapaði flutningavél frá CIA í Mexíkó með fleiri tonnum af kókaíni. Eiturlyfjaviðskiptin héldu því áfram að vera studd frá æðstu stöðum. Ár hvert á þessi alþjóðlegi dagur gegn fíkniefnum að gefa tilefni til framgöngu

gegn misnotkun eiturfjafa. En áðurgreindar staðreyndir sýna samt að samtímis hvetja yfirvöld, þar á meðal bandarísk yfirvöld, til innflutnings og framleiðslu á eiturfjafum. Svo lengi sem þessi rót hins eiginlega eiturfjafvanda vex svona gríðalega mun hinn árlegi alþjóðadagur gegn misnotkun og sölu fíkniefna eingöngu vera uppá punt og í framtíðinni verður ávöxturinn eiturfjafvandinn ásamt öllum sínum fórnalömbum.

Quellen / Sources:

<https://www.bvpraevention.de/cms/index.asp?inst=bvpg&snr=11650>  
[https://de.wikipedia.org/wiki/Internationaler\\_Tag\\_gegen\\_Drogenmissbrauch\\_und\\_une\\_rlaubten\\_Suchtstoffverkehr](https://de.wikipedia.org/wiki/Internationaler_Tag_gegen_Drogenmissbrauch_und_une_rlaubten_Suchtstoffverkehr)  
<http://academic.udayton.edu/race/03justice/crime09.htm>  
<https://www.politico.com/story/2010/10/reagan-declares-war-on-drugs-october-14-1982-043552>  
[https://de.wikipedia.org/wiki/George\\_H.\\_W.\\_Bush](https://de.wikipedia.org/wiki/George_H._W._Bush)  
<https://www.youtube.com/watch?v=pxSAhEPBnyA>  
<https://www.welt.de/politik/ausland/article170092904/Trump-erklaert-wegen-Drogenepidemie-den-nationalen-Notstand.html>  
<https://deutsch.rt.com/newsticker/61029-luftangriffe-zerstoren-22-drogenfabriken-in-afghanistan/>  
<https://www.contra-magazin.com/2017/10/afghanistan-opium-paradies-unter-us-kontrolle/>  
<https://deutsch.rt.com/gesellschaft/42428-amerikanische-heroinabhängige-made-in-afghanistan/>  
[https://www.youtube.com/watch?time\\_continue=124&v=qME6Ta9InY4](https://www.youtube.com/watch?time_continue=124&v=qME6Ta9InY4) (ab Min. 1:43)  
<https://deutsch.rt.com/32781/international/geruechte-halten-sich-cia-hilft-beim-opium-export-aus-afghanistan/>  
<https://deutsch.rt.com/kurzclips/47056-putin-afghanistan-drogen/>  
<https://kenfm.de/tagesdosis-6-2-2018-unabhaengig-unerschrocken-unbeugsam-%e2%80%a8-podcast/>  
[https://de.wikipedia.org/wiki/Contra-Krieg#Systematische\\_Menschenrechtsverletzungen\\_der\\_Contras](https://de.wikipedia.org/wiki/Contra-Krieg#Systematische_Menschenrechtsverletzungen_der_Contras)  
<https://www.pbs.org/wgbh/pages/frontline/shows/drugs/cron/>  
<https://www.youtube.com/watch?v=ZDdItm-PDeM&feature>  
<https://www.dailykos.com/stories/2007/12/12/420107/-CIA-Torture-Jet-wrecks-with-4-Tons-of-COCAINE>  
<https://www.globalresearch.ca/drug-war-american-troops-are-protecting-afghan-opium-u-s-occupation-leads-to-all-time-high-heroin-production/5358053>  
<https://publicintelligence.net/usnato-troops-patrolling-opium-poppy-fields-in-afghanistan/>  
<http://mediaroots.org/opium-what-afghanistan-is-really-about/>  
[https://de.wikipedia.org/wiki/Richard\\_Nixon](https://de.wikipedia.org/wiki/Richard_Nixon)  
[https://de.wikipedia.org/wiki/Ronald\\_Reagan](https://de.wikipedia.org/wiki/Ronald_Reagan)

Autor / Author: frá jmr./sih./nm